

Varið ykkur, við fylgjumst með!

Engum urðu á meiri mistök en þeim sem gerðu ekkert, af því að það var svo lítið sem þeir gátu gert.

Málefni	Hnattvæðing, félagsleg réttindi, borgaravitund
Þyngdarstig	Stig 4
Hópstærð	Hver sem er
Tími	150 mínútur
Yfirlit	Í þessu verkefni undirbúa þátttakendur herferð til að hvetja fólk til umhugsunar um afleiðingar þess þegar fjölþjóðleg fyrirtæki færa sig um set.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Réttur allra á réttlátum og hagkvæmum vinnuskilyrðum. • Rétturinn til að stofna til stéttarsamtaka. • Rétturinn til að njóta félagslegs öryggis.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að greina þær afleiðingar sem flutningur fjölþjóðlegra fyrirtækja hefur, á staðar- og heimsvísu. • Að hvetja til aðgerða í mannréttindamálum. • Að ýta undir sköpunargáfu og ímyndunarafli.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Límmiðar sem er hægt að nota í baráttunni. • Stór blöð eða flettistöflupappír til að búa til veggspjöld. • Pappír í stærðinni A4 til að búa til dreifirit. (Pappírinn má vera í nokkrum litum). • Límband og lím. • Merkipennar í nokkrum litum og blýantar. • Skæri. • Dagblöð, tímarit, bæklingar og annað prentað efni sem hægt er að taka myndir úr.
Undirbúningur	• Taktu ljósrit af upplýsingablaðinu og markmiðum herferðarinnar, eitt eintak á mann.

Leiðbeiningar

1. Segðu þátttakendum að þetta verkefni snúist um hnattvæðingu, með sérstakri áherslu á flutning fjölþjóðlegra fyrirtækja.
2. Spyrðu þátttakendur hvað þeir viti þegar um efnið og hvað þeim finnst um umfjöllun fjölmiðla um það.
3. Láttu þátttakendur varpa fram hugmyndum (hugflæði) um það sem einkenni góða kynningarherferð.
4. Skiptu hópnum í þriggja til fjögurra manna hópa.

MÁLEFNI



HNATTVÆÐING



FÉLAGSLEG RÉTTINDI



BORGARAVITUND

ÞYNGDARSTIG



STIG 4



HVER SEM ER

TÍMI



150 MÍNÚTUR

5. Taktu herferðina „Hrein föt í Austur-Evrópu“ (Eastern European Clean Clothes Campaign, EECCC) sem dæmi um herferð þar sem reynt er að upplýsa fólk um afleiðingar hnattvæðingar, og dreifðu upplýsingablaðinu.
6. Gerðu grein fyrir innihaldi verkefnisins. Segðu þátttakendum að ímynda sér að frjálsu félagasamtökin „Hrein föt í Austur-Evrópu“ séu nýbúin að fá styrk frá Evrópuráðinu. Útskýrðu að vegna fjárskorts hafi samtökin fram að þessu aðeins getað sinnt lágmarksstarfi í fáeinum löndum en nú hafi stjórn samtakanna ákveðið að endurskipuleggja herferðina þannig að hún nái til allrar Evrópu. Samtökin vilji ráða hópinn sem ráðgjafa.
7. Dreifðu markmiðum herferðarinnar (dreifiblað 2). Segðu að samtökin hafi beðið þig að dreifa þessum grunnupplýsingum til fróðleiks.
8. Hver vinnuhópur á að gera tillögu um útfærslu herferðarinnar í landinu. Fyrst eiga þeir að taka saman drög að tillögum um herferðina í heild. Síðan þurfa þeir að leggja fram nákvæmari tillögum um það hvernig fyrsta markmiðinu verði náð, þ.e. að upplýsa almenning. Í nákvæmu tillögum þarf að vera:
 - tímasett áætlun um aðgerðir,
 - listi með tillögum um aðgerðir (tónleikar, sjónvarps- og útvarpsþættir, götuleikhús, dreifirit o.s.frv.),
 - staðir þar sem aðgerðirnar eiga að fara fram (skólar, opinberar byggingar o.s.frv.),
 - mannaflí sem þarf,
 - dæmi um efni sem yrði notað (límmiðar, veggspjöld o.s.frv.)
9. Leggðu áherslu á að tillögurnar verði að vera skýrar og hnitmiðaðar. Segðu þátttakendum að samtökin séu opin fyrir alls konar tillögum, sérstaklega ef þær eru frumlegar, en þau krefjast þess að hóparnir haldi sig við þau markmið sem herferðinni hafi verið sett og útskýri hvernig þeir hyggist ná þeim. Seinna þurfi þeir að kynna tillögurnar fyrir fulltrúum frá samtökunum sem leggi þær síðan fyrir stjórnina til samþykktar. Nú hafi þeir 60 mínútur til að ganga frá tillögum.
10. Þegar tillögurnar eru tilbúnar þarf að skipuleggja kynningarnar.
 - I I. Hóparnir halda sameiginlegan fund og ræða málin.

Samantekt og mat

Byrjaðu á stuttri könnun á því hvernig verkefnið gekk. Láttu hvern hóp lýsa því hvernig hann skipulagði verkefnið og hvernig samstarfi var háttað. Voru allir með? Höfðu allir á tilfinningunni að þeir tækju þátt í vinnunni? Haltu síðan áfram og ræddu vandamál hnattvæðingarinnar og hvað fólk lærði af verkefninu.

- Hverjar eru jákvæðar og neikvæðar afleiðingar þess að flytja fyrirtæki? Á atvinnuástand á svæðinu? Á þjóðarbúskapinn? Á hagkerfi heimsins?
- Eiga starfsmennirnir eitthvert raunverulegt val um það hvort þeir sætta sig við þau vinnuskilyrði sem þeim bjóðast eða ekki?
- Hverjir bera ábyrgð á ástandinu?
- Hvað er hægt að gera og hvað ber að gera til að fræða starfsmennina um réttindi þeirra?
- Eru herferðir eins og þessar gagnlegar? Hvers vegna?
- Hvað einkennir góða herferð?

- Haldið þið að samtök og stofnanir sem beita sér fyrir réttindum verkamanna, svo sem frjáls félagasamtök, stéttarfélög, stofnanir Sameinuðu þjóðanna og samtök sem berjast gegn hnattvæðingu, komi einhverju til leiðar?

Ábendingar til leiðbeinanda

Hægt er að finna upplýsingar um flutning fjölþjóðlegra fyrirtækja í ítarefninu um hnattvæðingu. Áður en byrjað er á verkefninu þarf að kanna hvort „Hrein föt í Austur-Evrópu“ eða hliðstæð samtök eru með starfsemi í landinu.

Eitt markmið verkefnisins er að örva sköpunargáfu þátttakenda. Því skal lögð áhersla á að þeim sé algerlega frjálst að „finna upp“ hvers kyns nýjar baráttuaðferðir, en þó með það í huga að þeir verði að uppfylla markmið samtakanna.

Í 10. lið leiðbeininganna, þ.e. þegar hóparnir kynna vinnu sína, gæti leiðbeinandinn leikið fulltrúa samtakanna. Þó er frekar mælt með því að hann reyni, ef mögulegt er, að finna einhvern utanaðkomandi, sem ekki hefur komið nálægt hópavinnunni. Það gerir verkefnið meira spennandi og gefur færi á að opna umræðuna, ekki síst ef hægt er að fá einhvern aðila frá frjálsum félagasamtökum sem vinnur að málefnum sem tengjast hnattvæðingu eða undirbýr herferðir.

Ef hægt er að bjóða „sérfræðingum“ í heimsókn er gott að skipta verkefninu í tvær lotur. Fyrri lotan færi þá í að gera herferðarskýrsluna og taka saman gögn sem henni tengjast og sú seinni í umræðurnar.

Tillögur um framhald

Hafa mætti samband við EECCC og þróa áfram þá vinnu sem hópurinn hefur byrjað á.

Ef hópurinn vill halda áfram að vinna með málefni sem tengjast félagslegum réttindum og réttindum sem tengjast atvinnu er bent á verkefnið „Saga Ashiques“, á bls. 91, þar sem fjallað er um barnavinnu.

EFNI TIL DREIFINGAR

1. Upplýsingablað: Herferðin „Hrein föt í Austur-Evrópu“ (EECCC)

Herferðin „Hrein föt í Austur-Evrópu“ (Eastern European Clean Clothes Campaign, EECCC) er hreyfing sem byrjaði í Hollandi árið 1990 og hafði það að markmiði að bæta vinnuskilyrði í alþjóðlegri framleiðslu á íþróttafatnaði. Nú eru rekin slík samtök í um tíu Austur-Evrópulöndum og eru hver og ein þeirra bandalag neytendasamtaka, stéttarsamtaka, samtaka um mannréttindi og réttindi kvenna, fræðimanna, samstöðuhópa og baráttumanna.

Aðalvandinn á vinnustaðnum er:

- Lág laun
- Skipulagsleysi (engir samningar, óreglulegur vinnutími, ógreidd yfirvinna og yfirvinna sem menn neyðast til að vinna o.s.frv.)
- Skerðing á réttinum til að bindast samtökum (baráttumenn fyrir réttindum verkamanna eru beittir þvingunum)

2. Markmið herferðarinnar

Markmið herferðarinnar eru að:

- Upplýsa almenning um það sem er að gerast til að fá stuðning við herferðina.
- Sýna með raunhæfum dæmum hvernig ýmsar afleiðingar hnattvæðingarinnar ógna mannréttindum.
- Þrýsta á fyrirtækin um að virða mannréttindi starfsmanna sinna með því að dreifa upplýsingum um rétt þeirra.
- Virkja samstarfshópa, samtök og stofnanir sem berjast í þágu sama málstaðar.